

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 7. apríl 2026.

Mál nr. 269/2026:

Lögglustjórinn á Norðurlandi vestra

(Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Sigurður Freyr Sigurðsson lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Nálgunarban.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem X var gert að sæta nánar tilgreindu nálgunarbanni á grundvelli laga nr. 85/2011 um nálgunarban og brottvísun af heimili.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Eyvindur G. Gunnarsson, Ragnheiður Bragadóttir og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 3. apríl 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum samdægurs. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 1. apríl 2026 í málinu nr. R-[...]/2026 þar sem staðfest var ákvörðun sóknaraðila 25. mars 2026 um að varnaraðili skyldi sæta nánar tilgreindu nálgunarbanni í sex vikur frá þeim degi. Kæruheimild er í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarban og brottvísun af heimili.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að nálgunarbanninu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann þóknunar til handa skipuðum verjanda sínum fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 38. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 14. gr. laga nr. 85/2011.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 176.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 1. apríl 2026

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 1. apríl 2026.

Sóknaraðili er Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra.

Varnaraðili er X, kt. [...].

Dómkröfur

Sóknaraðili krefst þess að staðfest verði ákvörðun lögreglustjórans á Norðurlandi vestra þess efnis að X, kt. [...], með lögheimili að [...], skuli gert að sæta nálgunarbanni gagnvart A, kt. [...], og börnunum B, kt. [...] og C, kt. [...], í sex vikur frá birtingu ákvörðunar lögreglustjóra að telja, n.t.t. 25. mars 2026, þannig að honum verði bannað að koma að eða vera við dvalarstað þeirra hverju sinni, á svæði sem afmarkast af 50 metra radíus mælt frá miðju húss þess þar sem þau dveljast hverju sinni, og jafnframt verði honum bannað að veita þeim eftirför, heimsækja þau eða nálgast á almannafæri sem nemur 50 metra radíus frá staðsetningu þeirra hverju sinni, eða vera með nokkru öðru móti í beinu sambandi við A og börnin, svo sem með símtölum, sms skilaboðum, tölvupósti eða með öðrum hætti.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Jafnframt er krafist þóknunar úr ríkissjóði til handa skipuðum verjanda varnaraðila.

Réttargæslumaður brotaþola tekur undir kröfur sóknaraðila og krefst þóknunar úr ríkissjóði.

Málsatvik

Í greinargerð sóknaraðila er atvikum lýst svo:

„Þann 23. mars sl. barst lögreglu tilkynning um að stúlkan B hafi greint frá ofbeldi föður síns, sakbornings, í garð móður sinnar, brotaþola A. Þann sama dag gaf brotaþoli A skýrslu hjá lögreglu og lagði fram kæru á hendur sakborningi. Lýsti brotaþoli þá tveimur nýlegum tilvikum ofbeldis sakbornings í sinn garð, þar sem hún kvað hann annars vegar hafa sparkað í hana og hins vegar slegið til hennar með krepptum hnefa. Þá lýsti brotaþoli A því að börnin hefðu í öðru tilvikinu orðið vitni að ofbeldinu. Sama dag var einnig tekin skýrsla af sakborningi en hann kaus að tjá sig ekki að öðru leyti en að hann kvað ágreining uppi milli aðila. Þann sama dag leitaði brotaþoli til læknis í fylgd starfsmanns lögreglu og mátti þar skýrlega greina mar á vinstri síðu, sem og eymsli aftanvert á höfði.

Þann 24. mars sl. var aftur tekin skýrsla af brotaþola, þar sem hún lýsti frekara ofbeldi og mikilli stjórnsemi sakbornings í sinn garð.

Þann 25. mars. sl. bárust lögreglu skjáskot af skilaboðum er sakborningur hefur sent brotaþola A undanfarna daga sem og nótur sem hún hefur haldið um ofbeldistilvik í sambandi þeirra undanfarin ár.

Þann 25. mars sl. barst beiðni barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands þess efnis að sakborningi yrði gert að sæta nálgunarbanni gagnvart börnunum á grundvelli 37. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Eru málsatvikum þar í grófum dráttum lýst með sama hætti og að framan greinir. Þá kemur þar fram að staða málsins sé metin alvarleg í ljósi þeirra upplýsinga er liggja fyrir. Um sé að ræða grun um endurtekið heimilisofbeldi þar sem börn hafi orðið vitni að atvikum, sem geti haft veruleg áhrif á öryggi þeirra, líðan og þroska. Í fyrirbyggjandi upplýsingum komi fram að ofbeldi gagnvart móður hafi farið stigvaxandi. Þá veiki það áhyggjur að ef ekki verði gripið til viðeigandi verndarráðstafana, svo sem nálgunarbands, verði ekki unnt að tryggja öryggi barnanna. Móðir upplifi óöryggi gagnvart föður, bæði vegna fyrri reynslu og óvissu um viðbrögð hans. Þá liggi fyrir upplýsingar um að hegðun föður hafi í auknum mæli beinst að eldra barni, sem auki enn frekar á áhyggjur um velferð barnanna. Sé það mat barnaverndar að raunveruleg hættu sé á áframhaldandi ofbeldi eða ógnandi hegðun af hálfu föður gagnvart móður og/eða börnunum, ef ekki verði gripið til viðeigandi verndarráðstafana. Nauðsynlegt sé að tryggja öryggi barnanna á meðan málið er til rannsóknar, meðal annars með því að takmarka möguleika föður til að nálgast þau eða setja sig í samband við þau.

Líkt og áður greinir var ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann birt sakborningi þann 25. mars sl. Þá barst lögreglustjóra í dag, 30. mars 2026, bréf frá tilnefndum verjanda sakbornings, þar sem þess var krafist að ákvörðunin yrði borin undir héraðsdóm, með vísan til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili."

Í skýrslu varnaraðila fyrir dómnum kom m.a. fram að barnsmóðir hans hefði nýlega flutt út af heimilinu ásamt börnunum og þau dvelji nú annars staðar.

Lagarök

Í greinargerð er krafa sóknaraðila rökstudd þannig:

„Samkvæmt 37. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, skal barnaverndarþjónusta, þyki barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða annars athæfis, setja fram beiðni til lögreglu um að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn.

Ákvæðið felur í sér víðtækari heimild en gildir samkvæmt lögum nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili, enda um að ræða þvingunarúrræði sem unnt er að grípa til m.t.t. hagsmuna barna, verndar þeirra og þess sem þeim er fyrir bestu. Í athugasemd með frumvarpinu er tekið fram að ekki sé um lögregluaðgerð að ræða og meta beri skilyrði til beitingar úrræðisins í því ljósi.

Að mati lögreglustjóra er uppfyllt skilyrði 37. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 til að fallast megi á kröfu barnaverndarþjónustu. Það er jafnframt mat lögreglustjóra að vægari úrræði en nálgunarbann muni ekki tryggja öryggi og hagsmuni barnanna sbr. framangreint ákvæði.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili, er heimilt að beita nálgunarbanni ef rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, eða hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola samkvæmt framansögðu.

Er það mat lögreglustjóra að uppfyllt sé skilyrði 4. gr. laga nr. 85/2011, enda sé uppi rökstuddur grunur um að sakborningur hafi um nokkuð skeið beitt brotaþolann A ofbeldi í nánu sambandi, jafnt líkamlegu sem andlegu, auk þess sem hætta sé að hann brjóti gegn henni á ný. Þá er það jafnframt mat lögreglustjóra að vægara úrræði en nálgunarbann muni ekki tryggja öryggi og hagsmuni brotaþola."

Af hálfu varnaraðila er vísað til þess að beiðni sóknaraðila sé byggð á áburði um atvik sem varnaraðili neiti staðfastlega að hafi átt sér stað á þann hátt sem lýst sé. Varnaraðili hafi átt frumkvæði að sambandslitum við barnsmóður sína 2025 og því að leita sér sérfræðiaðstoðar. Hann hafi keypt hús með það í huga að flytja þangað og ljúka sambandinu en svo hafi farið að barnsmóðir hans hafi flutt með honum þangað.

Varnaraðili neitar öllum fram komnum ásökunum. Engin fullnægjandi sönnunargögn hafi verið lögð fram til stuðnings þeim og rökstuddur grunur byggist aðeins á orðum barnsmóður hans. Sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem krefjist nálgunarbanns. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að friðhelgi barnsmóður hans eða barnanna hafi verið raskað á þann hátt sem réttlæti svo íþyngjandi ráðstöfun sem nálgunarbann sé. Skilyrði 4. gr. laga nr. 85/2011 séu ekki uppfyllt.

Varnaraðili telur að skilyrði 37. gr. barnaverndarlaga séu ekki heldur uppfyllt. Ekkert í atvikum málsins styðji þá niðurstöðu að heilsu eða lífi barnanna sé stefnt í hættu eða háski búinn vegna ofbeldis, ógnana hótana eða vímuefnaneyslu. Beiðnin uppfylli því ekki skilyrði 37. gr. barnaverndarlaga.

Þá bendir varnaraðili á að í nálgunarbanni felist veruleg skerðing á persónufrelsi og gæta beri meðalhófs, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 85/2011. Engin þörf sé á nálgunarbanni þar sem friðhelgi sé ekki ógnað á þann hátt sem geri það nauðsynlegt.

Enn fremur telur varnaraðili að krafa um nálgunarbann kunni að vera liður í hugsanlegri forsjárdeilu eða fjárhagslegum ágreiningi varnaraðila og barnsmóður hans og vísar í því sambandi til fjölskyldu og vinatengsla hennar við einstaklinga sem starfa að félags- og barnaverndarmálum í umdæminu.

Niðurstaða

Krafa sóknaraðila er annars vegar byggð á 4. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili og hins vegar á 37. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Samkvæmt fyrrnefndu lagagreininni er heimilt að beita nálgunarbanni ef rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, eða hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola á framangreindan hátt.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins er varnaraðili undir rökstuddum grun um að hafa endurtekið beitt brotaþolann A ofbeldi í nánu sambandi. Hún hefur í skýrslu hjá lögreglu 23. mars sl. greint frá tilvikum þar sem hann hafi sparkað í hana og slegið til hennar með krepptum hnefa. Sama dag leitaði hún til læknis, þar sem greindir voru áverkar á henni. Þá lýsti hún frekara ofbeldi í skýrslu sem hún gaf hjá lögreglu 24. sama mánaðar. Rannsókn lögreglu á meintum brotum varnaraðila er þannig nýlega hafin og það munu einkum vera umræddar frásagnir brotaþola sem grunur lögreglu er byggður á. Þótt frekari sönnunargögn liggi ekki fyrir um meint ofbeldi varnaraðila gagnvart henni nægja fram komin gögn að mati dómsins til að uppfyllt séu skilyrði a-liðar 4. gr. laga nr. 85/2011, um rökstuddan grun um að varnaraðili hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, sem og skilyrði b-liðar sömu lagagreinar um að hætta sé á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola samkvæmt a-lið.

Varnaraðili liggur einnig undir grun um brot á barnaverndarlögum. Samkvæmt 37. gr. barnaverndarlaga skal barnaverndarþjónusta, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, fara fram á að manni verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn. Þessi skilyrði snúa að því að barni sé háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis. Barnaverndarþjónusta setur beiðni þessa efnis fram við lögreglu, sbr. einnig 2. mgr., sbr. 1. mgr., 3. gr. laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði síðarnefndu laganna. Í því felst m.a. að lögreglustjóri skal bera ákvörðun af þessu tagi undir héraðsdóm til staðfestingar, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga

nr. 85/2011 og lokamálslið 37. gr. barnaverndarlaga. Skilyrði fyrir nálgunarbandi samkvæmt 37. gr. barnaverndarlaga eru þó ekki að öllu leyti sambærileg skilyrðum nálgunarbands samkvæmt lögum nr. 85/2011, sbr. til hliðsjónar skýringar við 37. gr. frumvarps til barnaverndarlaga og úrskurð Landsréttar frá 21. júní 2021 í máli nr. 416/2021.

Hin umdeilda ákvörðun snýr að nálgunarbandi sóknaraðila gagnvart hans eigin börnum. Við úrlausn um gildi ákvörðunarinnar verður að líta til þess að friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis er varin af 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þá vernd verður þó einnig að meta í samhengi við 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í samræmi við það er í 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga mælt fyrir um meginreglur þess efnis að í barnaverndarstarfi skuli beita þeim ráðstöfunum sem ætla megi að barni séu fyrir bestu og að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Þannig vegast á tvenns konar hagsmunir sem njóta verndar stjórnarskrár og laga. Enn fremur er til þess að líta að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 85/2011 verður nálgunarbandi aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Svo sem fyrr greinir liggur varnaraðili undir grun um að hafa beitt móður barnanna grófu ofbeldi. Upphaf lögreglurannsóknarinnar má sem fyrr segir rekja til þess að 23. mars sl. barst lögreglu tilkynning um að stúlkan B hefði greint frá ofbeldi föður síns, sakbornings, í garð móður sinnar, brotaþolans A. Jafnframt greindi A frá því í skýrslu hjá lögreglu að börnin hefðu orðið vitni að ofbeldi varnaraðila gagnvart henni. Framangreint bendir til þess að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa beitt barnsmóður sína ofbeldi í viðurvist barnanna.

Þótt ekki liggi fyrir að varnaraðili hafi beitt börnin ofbeldi, ógnað þeim eða hótad þeim verður ekki heldur framhjá því litið að framlögð gögn benda til þess að varnaraðili sé undir rökstuddum grun um að hafa beitt móður þeirra ofbeldi í þeirra viðurvist. Ljóst er að þótt hið meinta ofbeldi beinist þannig ekki með beinum hætti að börnunum getur það verið skaðlegt börnum að verða vitni að slíkri háttsemi gagnvart móður þeirra. Með því hafa að mati dómsins verið leiddar nægar líkur að því að börnunum sé háski búinn í skilningi 37. gr. barnaverndarlaga, enda eru þar eru ekki tæmandi talin þau atvik sem geta leitt til þess að barni teljist vera háski búinn af háttsemi eða framferði manns. Enn fremur er í ljósi fyrrgreindrar meginreglu barnaverndarlaga, þess efnis að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda, ekki hægt að gera þá kröfu að á þessu stigi sé komin fram lögfull sönnun um að varnaraðili hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er grunaður um. Þótt beita verði 37. gr. barnaverndarlaga af varfærni telur dómurinn að nægilega hafi verið sýnt fram á að uppfyllt séu skilyrði ákvæðisins.

Að öllu framangreindu virtu verður fallist á kröfu sóknaraðila enda verður ekki talið unnt að beita vægari úrræðum en nálgunarbandi til að tryggja friðhelgi brotaþola.

Þóknarir verjanda og réttargæslumanns greiðast úr ríkissjóði, samkvæmt 38. og 48. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 14. gr. laga nr. 85/2011, og teljast hæfilega ákveðnar að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í úrskurðarorði.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Sólveig Ingadóttir aðstoðarsaksóknari og staðgengill lögreglustjóra, af hálfu varnaraðila Atli Már Ingólfsson lögmaður, fyrir hönd skipaðs verjanda varnaraðila, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, og af hálfu brotaþola Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður, skipaður réttargæslumaður brotaþola.

Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð

Staðfest er ákvörðun lögreglustjórans á Norðurlandi vestra þess efnis að X, kt. [...], með lögheimili að [...], skuli gert að sæta nálgunarbanni gagnvart A, kt. [...], og börnunum B, kt. [...] og C, kt. [...], í sex vikur frá birtingu ákvörðunar lögreglustjóra að telja, n.t.t. 25. mars 2026, þannig að honum verði bannað að koma að eða vera við dvalarstað þeirra hverju sinni, á svæði sem afmarkast af 50 metra rás frá miðju húss þess þar sem þau dveljast hverju sinni, og jafnframt verði honum bannað að veita þeim eftirför, heimsækja þau eða nálgast á almannafæri sem nemur 50 metra rás frá staðsetningu þeirra hverju sinni, eða vera með nokkru öðru móti í beinu sambandi við A og börnin, svo sem með símtölum, sms skilaboðum, tölvupósti eða með öðrum hætti.

Þóknanir skipaðs verjanda varnaraðila, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 424.080 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Júlíar Óskar Antonsdóttur lögmanns, 141.360 krónur, greiðast úr ríkissjóði.